

Jarðhitadeild
GREINASAFN
040

ORKUSTOFNL
MÁLASAFN
523.3

RAFORKUMALASTJÓRI

Jarðhitadeild

I hillu

H-1

SKÝRSLA

um

JARDHITAATHUGANIR A HUSAVIK

eftir

JON JONSSON

September 1959.

Jón Jónasson

D2/JJ/55

Rvfk, 11.11 1959.

JARG FRADILLEGAR ATHOGANIR

Innengang.

Bejarstjórinna á Húsavík hefur farið þess á leit við Jarðhitadeild Raiforkumálastjórnar, að deildin léti fara fram rannsókn á hvort líklegt geti talist að fá metti heitt vatn í nánunda við bainn, og hvort boranir eftir heitu vatni bar veru líklegar til að bera árangur. Samkvænt þessu gerði Jón Jónsson nokkrar jarðfræðilegar athuganir á umhverfi bejarins dagana 1.- 2. september 1959. Fer hér á eftir greinargerð fyrir þeim athugunum.

Berghyndenix.

Berggrunnurinn á svæðinu kringum Húsavík virðist að langmestu leyti vera ungar, mest megnis kvarterar, myndanir. Þó kemur þar fyrir blágrytti, sem geti verið frá því seint á tertier. Húsavíkurhöfti er úr brúngráu setbergi, sem vaf-laust er fomr jökulmyndun. Bergið er allt meira eða minna reglulega lagkipt. Í því eru sunn stabar þunn 15g af norri hvítum finum leirasteini, en í honum er mikil um brot úr felt-spatkrystthllum. Innan um betta eru svo blágrytissteinar, sunnar rúllaðir en aðrir með hvísaum brúnunum. Öll þessi mynd-um er fremur laus í sér og ber með sér að vera ekki gömul. Lagkiptingin í bergeninu er svo áberandi, að vart verbur hjá því komist að etla að petta sé að miklu leyti vatnaset, mynd-að af framburði jökuls og jökulfljóta, sennilega ekki all-fjarri jöklí.

Myndun þessi er örugglega kvarter, en ekki verður sagt nánar um aldur hennar. Þekki er fyllilega ljóst hversu þykk þessi myndun er, en Húsavíkurhöfði allur virðist vera úr þessu bergi og hann er um 70 m háð.

Sunnan höfðans, með sjónum eru sand- og malarbakkar myndaðir á og eftir síðustu ísöld. Þeir nái að Þorvaldsstaðnú, en jar fyrir sunnan tekur við óregluleg eldgosa myndun, gráleitt til svart tuff og breccia með hraunlögum á milli. Þessum lögum hallar um 40° – 60° vestur. Hallinn virðist vera upprunalegur. Sennilega er þessi myndun örðin til í vatni.

Við hófnina sunnan Húsavíkurhöfða sér í blágrýti um fjöru, en ekki verður sagt yfir hversu stórt svæti það kann að nái.

Húsavíkurfjall virðist aðallega vera úr blágrýti, en fremur lítið sést þó af föstu bergi í hví.

Jökulbergið (tillit) í Húsavíkurhöfða verður ekki rakið lengra en skammt norður fyrir Laugardal.

Brotlinur.

Norðan við Húsavíkurkaupstað liggja tvar mjög áberandi sprungur með steinu ca. NV-SW. Vestri sprungan myndar svonefndan Laugardal, sem liggur út að sjó norðvestur af bænum. Skammt austan við þennan dal, er um 300 m breitt svæði milli sprungnanna, en svo nálgast þar hvor aðra er austar dregur, og vel má vera að þar komi saman einhvers staðar í

vesturhlíð Húsavíkurfjalls. Út frá nyrðri sprungunni austan til gengur önnur sprunga, sem liggur upp í norðvesturhlíð fjallsins og virðist liggja í gegnum það. Þó sést hún ekki austan í fjallinu.

Íau...

Aðal brotlinan liggur vestan í fjallinu. Í hlíðum þess ber mjög mikil á brecciu og skriðrakum og svo er alla leið suður á móts við suðurenda Botnsvatns. Þar fyrir sunnan má fylgja þessari brotlinu suðaustur eftir fjallinu, milli Grjóthálss og Húskuldarvatnshnjúks. Sennilega standa þessar brotlinur í sambandi við hið mikla brotlinukerfi um vestanvert Keldukverfi.

Nokkuð mikil misgengi virðist vera um þessar brotlinur, og ber mest á því við eystri sprunguna. Engin tök eru þó að svo stöddu á að segja hversu mikil það er. Gegnum Húsavíkurhöfða liggja sprungur á nekkrum stöðum, en lítið ber á þeim. EKKI virðist ólíklegt, að þar séu myndaðar út frá aðal brotlinunni og standi í sambandi við hana. Vestur og norður af Laugardal má við sjóinn sjá lítilsháttar misgengi, sem samanlagt nema þó varla meiru en 4 - 5 m. Berglöggin sunnan misgengisins liggja lægra. Í jarðskjálfum 1872 opnaðist vestri sprungan í Laugardal og rauk úr henni um lengri tíma. Skammt suður af dalnum uppi í höfðanum er ennþá 28°C heit hola, en ekkert vatn er í henni.

Austan við Kaldbaksnef, suðvestur af Húsavík, er sprunga, sem stefnir eins og aðal brotlinan. Sprunga þessi sést aðeins í sjáverhöfðunum og um hana er ekkert misgengi.

Heitt vatn.

Vestan við Laugardal kemur heitt vatn upp á nokkrum stöðum við sjóinn, en aðallega úr sprungu rétt sunnan við laugardals-sprungunna. Samkvæmt upplýsingum frá þejarverkfreyðingi Húsavíkurkaupstaðar var þar dolt 20 l/sek af 60°C heitu vatni í samfleytt 4 klukkustundir. Þetta var haustið 1952. Sunnan Húsavíkurhöfða kemur einnig heitt vatn, aðallega úr tveim sprungum. Í syðri sprungunni er hitinn talinn vera $36 - 40^{\circ}\text{C}$ og vatnsmagn um 5 l/sek. Í nyrðri sprungunni er hitinn 37°C og vatnsmagn 17 l/sek.

Víðar kemur þarna heitt vatn upp í fjörunni, og meldist þar á nokkrum stöðum 28°C heitt vatn, sem kom upp úr fjörusandi. Lekur, sem er um 14°C kemur úr vestri sprungunni við Traðargerði.

Niðurstöður.

Lifklegast virðist, að hið heita vatn við Húsavík standi í sambandi við aðal-sprungurnar, sennilega einkum þá syðri. Frá jarðfreðilegu sjónarmiði virðast miklar líkur til að á Húsavík megi vinna heitt vatn með borunum.